

L Ö G

um ráðstöfun eftirstöðva Olíusjóðs fiskiskipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fé, sem innheimt er skv. ákvæðum laga nr. 106/1974 og laga nr. 55/1975, um Olíusjóð fiskiskipa, umfram skuldbindingar skv. sömu lögum svo og aðrar eignir Olíusjóðs fiskiskipa umfram skuldir, skal renna til Tryggingasjóðs fiskiskipa til greiðslu iðgjaldastyrkja vegna tímabilsins 1. janúar 1975 til 15. febrúar 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Albert Hörður Hannesson, nemi á Akureyri, f. í Þýskalandi 25. júní 1960.
2. Arndís Ágústsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 22. janúar 1974.
3. Brooks, Tina April, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 25. ágúst 1972.
4. Candi, Manlio, tæknifræðingur í Reykjavík, f. á Ítalíu 5. september 1933.
5. Cleaveland, Hulda Patricia, barn í Hafnarfirði, f. á Íslandi 11. maí 1970.
6. Collins, William Edward, barn í Ártúni, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjar-sýslu, f. í Vestmannaeyjum 9. maí 1971.
7. Douglas, George Robert William, menntaskólakennari í Reykjavík, f. á Norður-Írlandi 8. október 1945.
8. Evensen, Karl Mörk, verkamaður á Akureyri, f. í Noregi 4. júlí 1912.
9. Fisarova, Dana, íþróttakennari í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 20. ágúst 1951.
10. Gambrell, Charles Edward, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 17. apríl 1972.
11. Gambrell, Gloria Joan, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 6. apríl 1971.
12. Horvath, Terezia, ekkja í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 21. ágúst 1910.